

Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar 2022

Lög og reglur

Markmið laga um opinber fjármál er að stuðla að góðri hagstjórn og ábyrgri fjármálastjórn.

Til að ná þessum markmiðum er mælt til þess að sveitarfélögin hafi hliðsjón af og tileinki sér eftirfarandi grunngildi við gerð fjárhagsáætlunar:

Sjálfbærni - Varfærni – Stöðugleika – Festu - Gagnsæi

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli á ári hverju afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Nánari ákvæði er lúta að fjármálum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga er að finna í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 skylda sveitarfélög til að fylgja tvennum fjármálareglum:

Jafnvægisreglan

Segir til um það að samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A- og B-hluta yfir þriggja ára tímabil megi ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.

Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2020 sýndi neikvæða niðurstöðu upp á 191 m.kr. í A-sjóði en jákvæða niðurstöðu 774 m.kr. í A og B sjóði. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 gerir hins vegar ráð fyrir neikvæðri afkomu A sjóðs upp á 463 m.kr. og neikvæðri afkomu A og B sjóðs upp á 35 m.kr.

Skuldareglan

Kveður á um skyldur sveitarstjórna til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A – og B – hluta í reikningsskilum skv. 60 gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Skuldahlutfall Garðabæjar skv. ársreikningi 2020 nam 100% og skuldaviðmið 71%.

Alþingi hefur samþykkt að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið til ársins 2025 og koma þannig til móts við tekjufall sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19.

Það er ljóst að þau alvarlegu áhrif sem covid-19 hefur haft á efnahagslífið á árunum 2020 til 2021 kemur til með að hafa veruleg áhrif á fjárhag sveitarfélaga á árinu 2022, sem taka þarf mið af við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið.

Ytri forsendur fjárhagsáætlunar 2022

Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skulu sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Fyrir liggur þjóðhagsspá sem Hagstofan birti 22. mars sl. Undanfarin ár hefur Hagstofan birt þjóðhagsspá í júní sem lögð hefur verið til grundvallar fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og fjárlagafrumvarpi ríkisstjórna. Að þessu sinni er óljóst vegna alþingiskosninga 25. september nk. hvenær fjárlagafrumvarp verður lagt fram og í ljósi þess var ekki lögð fram þjóðhagsspá að sumri að þessu sinni.

Næsta spá Hagstofu verður birt 5. nóvember nk., en sveitarfélögunum er gert að vera búin að birta sínar fjárhagsáætlanir fyrir 1. nóvember ár hvert.

Skv. þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 22. mars sl. er gert ráð fyrir eftirfarandi þróun hagstærða næstu árin.

Breytingar milli ársmeðaltala %	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Einkaneysla	-3,3	2,3	4,1	3,5	2,8	2,7
Samneysla	3,1	1,1	0,7	- 0,5	-0,4	-0,1
Fjármunamyndun	-6,8	5,0	4,3	5,7	2,3	2,1
Útflutningur vöru og þjónustu	-30,5	10,3	16,8	10,1	8,4	3,8
Innflutningur vöru og þjónustu	- 22,0	8,7	12,5	8,6	6,7	3,2
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	-6,6	2,6	4,8	3,8	2,7	2,1
Atvinnuleysi	5,5	7,8	6,4	5,4	4,9	4,5
Vísitala neysliverðs (verðbólga)	2,8	3,2	2,4	2,4	2,5	2,5
Gengisvísitala	11,1	-0,8	-1,0	-0,3	0,0	0,0
Kaupmáttur launa	3,4	3,8	2,9	1,8	1,7	2,5

Samanburður hagstofuspár við spár bankanna fyrir árið 2022

	Hagvöxtur	Verðbólga	Laun	Atvinnuleysi
Hagstofa	4,8	2,4,	5,4	6,4
Íslandsbanki	4,9	2,6	4,6	5,3
Landsbanki	3,3	2,5	5,6	5,5
Arion banki	6,0	2,4	5,0	6,9
Seðlabanki	5,2	2,6		6,3

Seðlabanki birtir ekki spár um launaþróun.

Eins og sjá má á ofangreindri töflu er nokkur munur á spám sem endurspeglar óvenjumikla óvissu í þróun efnahagsmála.

Innri forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2022

Tekjur:

Útsvar

Fjármálaráðuneytið áætlar hækkun tekjuskatts og útsvarsstofns árlega miðað við hækkun launavísitölu og áætlunar um fjölda fólks í fullu starfi. Fyrirliggjandi áætlun er byggð á mars spá Hagstofu og er ástæða til að ætla að þróun á vinnumarkaði á árinu 2021 verði nokkuð betri en þá var áætlað. Þá þarf einnig að taka tillit til þess að heimild til úttektar séreignarsparnaðar hefur verið framlengd til ársloka 2021.

Hag- og upplýsingasvið Sambands ísl. sveitarfélaga mun taka saman og birta staðgreiðsluáætlun fyrir hvert sveitarfélag fyrir árið 2022 og birta í október nk.

Áætlun ráðuneytisins fyrir árin 2021 – 2024 er svohljóðandi.

	2021	2022	2023	2024	2025
Tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkun	3,7	6,0	6,0	5,5	5,0

Fasteignaskattur

Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands hækkar fasteignamat í Garðabæ um 9,9% milli ára. Það er nokkuð meiri hækkun en verið hefur undanfarin ár.

Fjármáladeild Garðabæjar mun gera prufuálagningu vegna álagningar fasteignagjalda fyrir árið 2022 við vinnslu fjárhagsáætlunar.

Jöfnunarsjóður

Tekjur Garðabæjar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa sveiflast nokkuð síðustu ár vegna breytinga sem gerðar hafa verið á úthlutunarreglum sjóðsins og eftirá leiðréttingum sjóðsins á einstökum framlögum.

Þróunin hefur verið með eftirfarandi hætti:

Skipting framlaga skv. ársreikningi í m. kr.	2018	2019	2020	2021 (áætl.)
Útgjaldajöfnunarframlag	173	110	164	143
Grunnskólaframlag	325	264	302	355
Framlag v/sérþarfa fatlaðra	57	65	81	67
Framlag v/nýbúafræðslu	14	15	20	12
Framlag vegna lengdrar viðveru fatlaðra	3	9	8	3
Framlag vegna málefna fatlaðra	481	491	596	500
Framlag v/tónlistarnáms	20	24	29	17
Samtals	1.073	978	1.201	1.097

Áætluð framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2022 liggja ekki fyrir. Vonir standa til að áætlun sjóðsins liggja fyrir seinni hluta októbermánaðar.

Gjaldskár

Lífskjarasamningarnir sem gerðir voru á árinu 2019 gera ráð fyrir að gjaldskrár sveitarfélaga hækki að öllu jöfnu ekki meira en sem nemur hækkun á neysluverðsvisitölu á gildistíma kjarasamninganna.

Gjaldahlið

Launakostnaður:

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði við fjölmenn stéttarfélag voru gerðir í apríl 2019, svonefndir lífskjarasamningar. Gilda kjarasamningarnir til 1. nóvember 2022. Forsendur samninganna um kaupmátt og efnidir ríkisstjórnarinnar verða metnar nú í september. Fari svo að forsendur standist ekki skulu samningsaðilar leita leiða til að markmið samningsins nái fram að ganga. Náist ekki samkomulag eru samningarnir uppsegjanlegir og falla úr gildi 1. október nk.

Í kjarasamningum við starfsmenn sveitarfélaganna eru þó nokkur ákvæði verulega kostnaðarsöm. Má þar nefna breytingar á vinnutímaákvæðum og styttingu vinnuviku sem kemur til með að kosta umtalsvert, sérstaklega í tilviki vaktavinnu. Breytingar á vaktavinnuákvæðum kjarasamninga sem tóku gildi frá 1. maí sl. kosta Garðabæ á árinu 2021 um 112 m.kr., þ.e. fyrir átta mánaða tímabil. Í kjarasamningi við leikskólakennara eru ákvæði um fjölgun undirbúningstíma og hækkun á launum stjórnenda sem kosta umtalsverða fjármuni og hafa leitt til fjölgunar starfsmanna. Kjarasamningar sveitarfélaga gilda ýmist til loka mars eða ágúst 2023 að undanskildum samningum við félag innan KÍ sem renna út í árslok 2021.

Samkvæmt ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2020 nam launakostnaður um 8.424 m.kr. og hækkaði um 14% frá árinu áður.

Annar rekstrarkostnaður:

Stærstur hluti almenns rekstrarkostnaðar er bundinn kostnaður eins og orka, húsnæðiskostnaður, tryggingar, kostnaður vegna ýmissa samninga og styrkja og ýmis vörukaup stofnana bæjarins.

Til að ná sem hagstæðustu kjörum á innkaupum hafa útboð og verðkannanir farið mjög vaxandi og verður svo áfram.

Ýmsum ábendingum og tillögum sem komu fram í skýrslu Haraldar Línalds frá árinu 2019 um rekstur Garðabæjar hefur verið hrint í framkvæmd og sumar koma til framkvæmda á árinu 2022.

Byggðasamlög:

Verið er að vinna að rekstraráætlunum byggðasamlaga á höfuðborgarsvæðinu og er stefnt að því að þær verði lagðar fram eins fljótt og mögulegt er. Áhrif vegna Covid – 19 hefur haft veruleg áhrif á byggðasamlögin.

Íbúafjölgun

Íbúar í Garðabæ eru núna rúmlega 18þús.

Íbúapróun síðustu ára hefur verið með eftirfarandi hætti (skv. Hagstofu 1. des ár hvert):

2017	15.691 íbúar	fjölgun milli ára 3,2%	
2018	16.277 íbúar	fjölgun milli ára 3,7%	
2019	16.924 íbúar	fjölgun milli ára 3,9%	
2020	17.668 íbúar	fjölgun milli ára 4,4%	
2021	18.300 íbúar	fjölgun milli ára 3,6%	áætl.
2022	19.000 íbúar	fjölgun milli ára 3,8%	áætl.

Fjárfestingaáætlun

Fjárfestingaáætlun ársins 2022 verður lögð fram samhliða rekstraráætlun ársins. Mikil uppbygging á sér stað í Garðabæ á næstu misserum og árum, með tilheyrandi framkvæmdum og innviðaupbyggingu. Áhersla verður lögð á að leita ávallt hagkvæmra lausna við nýframkvæmdir.

Einnig verður gerð fjárfestingaáætlun fyrir árin 2023 – 2025.

Markmið við gerð fjárhagsáætlunar 2022

Að niðurstaða fjárhagsáætlunar sýni jákvæða afkomu að því gefnu að helstu hagstærðir þróist ekki á verri veg, hagræðing gangi eftir og stuðningur ríkisins við sveitarfélögin verði áþreifanlegur.

Að skuldahlutfall Garðabæjar verði á svipuðum nótum og verið hefur undanfarin ár.

Að útsvarshlutfall verði áfram 13,7%.

Að álagningu fasteignaskatta verði haldið eins lágri og kostur er.

Að álögum á íbúa verði haldið eins lágum og kostur er.

Að unnið verði að útfærslu tekjutengdra afslátta.

Að áfram verði unnið að stafrænum lausnum til þæginga og bættra lífsgæða bæjarbúa.

Að fylgt verði samþykktum stefnum Garðabæjar um hin ýmsu mál.

Að ítrasta aðhalds verði gætt í rekstri bæjarins.

Óvissa

Nú í upphafi fjárhagsáætlunarvinnu fyrir árið 2022 ríkir enn óvissa um framvindu efnahagsmála næstu misserin - óvissa um:

Þróun Covid-19 á Íslandi og ekki síður erlendis. Áhrif ferðapjónustunnar á hagvöxt o.fl. ?

Þróun tekna – hvers má vænta um þróun útsvarstekna á næstu misserum?

Þróun kjaramála – halda kjarasamningar - hvernig þróast kjarasamningsviðræður á árinu 2022?

Gengi krónunnar – verður breyting á genginu ?

Ríkisvaldið – alþingiskosningar og í kjölfarið ný ríkisstjórn. Stuðningur við sveitarfélögin?

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga – Hver verða áætluð framlög sjóðsins á árinu 2022 ?